

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 181/2024**2024/EES/76/33****frá 5. júlí 2024****um breytingu á bókun 31 um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins og bókun 37 sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr. við EES-samninginn,**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2371 frá 23. nóvember 2022 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 1082/2013/ESB ⁽¹⁾.
- 2) Því ber að breyta bókun 31 og bókun 37 við EES-samninginn svo hið aukna umfang samstarfsins geti átt sér stað,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta níunda liðar (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB) 1. mgr. 16. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„**32022 R 2371**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2371 frá 23. nóvember 2022 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 1082/2013/ESB (Stjtið. ESB L 314, 6.12.2022, bls. 26).

EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum heilbrigðisöryggisnefndarinnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildum atkvæðarétti.

Með skirskotun til 3. mgr. 79. gr. samningsins skal VII. hluti samningsins (Ákvæði um stofnanir) gilda um þennan undirlið, að frátöldum ákvæðum 1. og 2. þáttar 3. kafla.“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við bókun 37 við EES-samninginn:

„49. Heilbrigðisöryggisnefnd (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2371).“

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 314, 6.12. 2022, bls. 26.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.